

## 2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1996.

*Umhverfissráðuneytið, 19. desember 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.***GJALDSKRÁ****fyrir hundahald á Hellu fyrir árið 1996.**

## 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal á árinu 1996 vera kr. 6.410. Gjaldldagi er 1. janúar og eindagi 28. febrúar.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkalls-kostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

## 2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1996.

*Umhverfissráðuneytið, 19. desember 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.***AUGLÝSING****frá ríkisskattstjóra nr. 14/1995.**

Samkvæmt ákvæðum 3. másl. 7. gr. laga nr. 49/1985 um húsnæðissparnaðarreikninga hefur ríkisskattstjóri reiknað út þær fjárhæðir er um ræðir í 2. mgr. 2. gr. laganna og gilda vegna innborgana á árinu 1996.

Lágmarksfjárhæð skv. 2. másl. 2. mgr. 2. gr. laganna verður kr. 46.856 og hámarksfjárhæð kr. 468.560. Lágmarksfjárhæð skv. 3. másl. 2. mgr. 2. gr. laganna verður kr. 11.714 og hámarksfjárhæð kr. 117.140.

*Reykjavík, 18. desember 1995.*

**Snorri Olsen** ríkisskattstjóri.